

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 5. október 2022.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.18.05.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sylvía Ósk Speight, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Viðar Halldórsson. Forföll: Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

1. Nýjar iðkendatölur frá árinu 2021 til skiptingar á lottótekjum til aðildarfélaga ÍBH

Farið yfir iðkendatölur úr Sportablerkerfi ÍSÍ frá árinu 2021. Tvö ný félög bætust við, Bílaklúbbur Hafnarfjarðar og Siglingafélagið Hafliði, félögin eru þá orðin 24 og deildarnar 32 sem fá lottótekjur mánaðarlega frá ÍSÍ / ÍBH. Nýjar tölur samþykktar.

2. Bjartur lífsstíll – Hreyfiframboð fyrir eldra fólk í Hafnarfirði

Farið yfir hreyfiframboð fyrir eldra fólk í Hafnarfirði sem birtist á Facebook undir Bjartur lífsstíll, 220-222 Hafnarfjörður. ÍSÍ og LEB (Landssamband eldri borgara) halda utan um verkefnið. Stjórn ÍBH, vill færa Má Sveinbjörnssyni fulltrúa Golfklúbbsins Keilis í stjórn ÍBH og Valgerði Sigurðardóttur formanni félags eldri borgara í Hafnarfirði og varaformanni Knattspyrnufélagsins Hauka sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag við að taka hreyfiframboðin í Hafnarfirði saman og skila inn til ÍSÍ / LEB.

3. Lög ÍBH

Farið yfir bréf frá ÍSÍ dagsett 19. september sl. varðandi athugasemdir og ábendingar um lagfæringar á lögum ÍBH.

Farið yfir bréf frá Skattinum dagsett 28. mars sl. varðandi athugasemdir um að setja þarf inn skýrara ákvæði varðandi ráðstöfun eigna við slit ÍBH í samræmi við markmið þess.

Stjórn ÍBH leggur til að ákvæði varðandi ráðstöfun eigna ÍBH við slit þess verði eftirfarandi: Verði ÍBH lagt niður skiptast eigur þess milli aðildarfélaga eftir stærð þeirra, 40% eftir fjölda deilda og 60% eftir fjölda iðkenda.

4. Fræðsludagur / fræðslukvöld – Íþróttavika Evrópu

Samþykkt, að stefna að einu sameiginlegu fræðsluerindi fyrir áramót, einu eftir áramót í umsjón ÍBH og einu sameiginlegu fræðsluerindi með Hafnarfjarðarbæ.

5. Reglur um starfsskýrsluskil aðildarfélaga ÍBH – endurskoðun

Samþykkt að taka orðið Felix úr textanum og setja orðið Sportabler inn í staðinn.

6. Ársreikningar, féлага- og iðkendatal aðildarfélaga ÍBH starfsárið 2020 samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ 2021

Lagt fram til kynningar.

7. Persónuverndarstefna ÍBH – drög

Samþykkt.

8. Tryggingamál og íþróttaiðkun

Framboð mismunandi tryggingafélaga skoðuð og rædd. Full ástæða er til að hvetja alla sem taka þátt í íþróttastarfi til að fara yfir sínar tryggingar, þannig að allir séu upplýstir um réttindi sín, ef þeir verða fyrir slysum eða örorku.

9. Fyrirmyndarfélög í Hafnarfirði

Nefnd stjórnar ÍBH um fyrirmyndarfélög ÍSÍ, Anna Lilja og Arnfríður fóru yfir verkefnið, gátlista ÍSÍ, jafnréttisáætlun fyrir íþróttafélög og gæðaviðmið Hafnarfjarðarbæjar. Ekkert félag og engin deild innan aðildarfélaga ÍBH er Fyrirmyndarfélag ÍSÍ eða Fyrirmyndardeild ÍSÍ, en ÍBH er Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Fundarmenn sammála um að vinna þarf meira í að hvetja félögin til þátttöku, því flest þeirra eiga nánast allt til sem þarf að sýnda fram á til að öðlast viðurkenninguna. Einnig er það mat nefndarmanna að nauðsynlegt sé að finna hvata þ.e. greiða félögunum fyrir að ná viðurkenningunni, en það þarf að endurnýja hana á fjögurra ára fresti.

10. Önnur mál

- a). Fulltrúa frá ÍBH er boðið á Sambandsráðsfund UMFÍ 15. október nk. á Höfn í Hornafirði.
- b). AKA vakti athygli á því að Brettafélag Hafnarfjarðar heldur upp á 10 ára afmæli laugardaginn 15. október nk. í aðstöðu félagsins við Flatahraun milli kl. 14.00-17.00 og eru allir velkomnir.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.